

Íslenskukennsla í 10. bekk – svör nemenda í PISA 2018

Í PISA könnunum svara nemendur spurningalistum sem snúa að megninu til að bakgrunni þeirra og venjum og viðhorfi sem tengjast námi. Í PISA 2018 var aðaláherslan í prófverkefnunum á lesskilning og því voru nemendur spurðir um lestrarvenjur sínar og aðferðir, viðhorf sitt til lesturs, og upplifun af móðurmálastímum. Í skýrslu Menntamálastofnunnar um helstu niðurstöður úr PISA 2018 má finna samantekt á svörum íslenskra nemenda um lestrarvenjur og viðhorf til lesturs. Í þessari samantekt er greint frá svörum þeirra við sjö stuttum spurningalistum sem snúa að íslenskukennslu. Greint er frá svörum nemenda í heild við einstökum spurningum, kynjamun, mun á svörum nemenda sem hafa innflytjendabakgrunn og annara nemenda, stigafjölda landshluta á spurningalistum miðað við landsmeðaltal og heildarstig á Íslandi í samanburði við önnur Norðurlönd. Marktækni í samanburðum á milli hópa miðar við 95% öryggisbil. Tölurnar sem liggja að baki er að finna í gagnagrunnum PISA 2018 á heimasíðu OECD og þar er einnig hægt að nálgast spurningalistanna.

Á Íslandi eru allir 15 ára nemendur í úrtaki PISA. Alls svöruðu á bilinu 3065 - 3215 nemendur spurningunum sem hér verður fjallað um. Þetta er um það bil 75% af öllum 15 ára nemendum á Íslandi árið 2018 og gefa svörin því góða mynd af upplifun nemenda af íslenskukennslu í skólum.


Upplýsingar um áreiðanleika íslensku spurningalistanna og fylgni þeirra við frammistöðu íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA 2018 er að finna í töflu 1 í viðauka (bls. 14). Flestir spurningalistarnir hafa tiltölulega lága fylgni við frammistöðu en það á einnig við að jafnaði í öðrum þátttökulöndum. Í töflunni er einnig að finna upplýsingar um það hversu stór hluti dreifingar svara við spurningalistunum skýrist af mun á milli skóla og hversu stór hluti skýrist af mun innan skóla – þ.e. mun á nemendum innan skóla. Þessar tölur gefa til kynna að almennt sé lítill munur milli skóla varðandi þau atriði íslenskukennslu sem spurt er um en mest ber á milli í aga og námsaðstæðum annars vegar og áhuga kennara á kennslu hins vegar.

Agi og námsaðstæður

Nemendur voru spurðir fimm spurninga um aga og námsaðstæður í kennslutímum í móðurmáli þeirra sem saman mynda skalann *agi og námsaðstæður* (*e. disciplinary climate*). Þessi spurningalisti var einnig lagður fyrir í PISA 2009 þegar lesskilningur var síðast aðalsvið í PISA og því er hægt að sjá hvernig upplifun nemenda hefur breyst á þessu tímabili. Mynd 1 (bls. 2) sýnir að á heildina litið er þróunin jákvæð frá því í PISA 2009 því í fjórum spurningum af fimm segja hlutfallslega fleiri nemendur í PISA 2018 en í PISA 2009 að viðkomandi vandamál eigi aldrei eða næstum aldrei við um íslenskutímana sína en svipaða þróun má sjá í flestum ríkjum OECD (OECD, 2019). Mynd 1 sýnir einnig að um það bil einn af hverjum fjórum íslenskum nemendum í PISA 2018 segir það koma fyrir í flestum tímum eða hverjum tíma að nemendur hlusti ekki og að það taki langan tíma að geta byrjað að vinna í tímum, en um það bil þriðji hver nemandi segir að það séu hávaði og læti. Hlutfall þeirra sem telja nemendur ekki geta unnið vel í hverjum tíma er þó töluvert lægra eða 16%.

Þátttakendur sem teljast hafa innflytjendabakgrunn í PISA eru þeir sem eiga foreldra sem fæddust báðir erlendis og þessi hópur taldi 179 nemendur í PISA 2018. Þessi hópur upplifði aga og námsaðstæður í íslenskutímum með svipuðum hætti og aðrir nemendur því munur á milli þessara hópa var ekki marktækur. Þá reyndist heldur ekki vera kynjamunur á svörum nemenda við þessum spurningalista.

Agi og námsaðstæður í íslenskutímum í PISA 2009 og PISA 2018




Mynd 1. Svör íslenskra nemenda í PISA 2009 og 2018 og aga og námsaðstæður í íslenskutímum. Hlutföll eru námunduð

Mynd 2 sýnir stöðu landshluta á Íslandi á skalanum *agi og námsaðstæður*. Landsmeðaltal er sett 0 og því þýða jákvæðar tölur að nemendur í viðkomandi landshluta upplifi meiri aga í kennslustundum en að meðaltali á landinu en neikvæðar tölur að þeir upplifi minni aga. Landshlutar þar sem svör voru tölfræðilega marktækt frábrugðin meðaltali á landsvísu eru stjörnumerkt á myndinni. Ekki er hægt að draga ályktanir um stöðu landshluta miðað við landsmeðaltal þegar ekki er um marktækan mun er að ræða.


Samkvæmt svörum nemenda er agi í kennslutímum í flestum landshlutum nálægt landsmeðaltali en er marktækt yfir meðaltali í nágrenni Reykjavíkur og undir meðaltali á Vesturlandi og Suðurnesjum.

Agi og námsaðstæður í íslenskutímum nemenda í PISA 2018, eftir landshlutum



Mynd 2. Stig á skalanum *agi og námsaðstæður*, eftir landshlutum og miðað við landsmeðaltal. Meðaltal er sett 0 og staðfrávik 1. Stjarna táknar marktækan mun á viðkomandi landshluta og landsmeðaltali (án viðkomandi landshluta). Skekkjumörk sýna staðalskekku.


Heildarstig á Íslandi á skalanum *agi og námsaðstæður* eru nálægt meðaltali í löndum OECD (Mynd 3). Nemendur í Danmörku eru líklegri en nemendur á öðrum Norðurlöndum til að upplifa að agi sé í móðurmálstímum¹ en finnskir nemendur ólíklegri.



Mynd 3. Agi og námsaðstæður í móðurmálstímum, miðað við meðaltal í löndum OECD. Meðaltal OECD er sett 0 og staðalfrávik 1. Skekkjumörk sýna staðalskekkju.

Stuðningur frá kennurum

Íslenskir nemendur í PISA svara flestir að íslenskukennarar veiti þeim aðstoð, útskýri námsefnið og sýni áhuga á námi sérhvers nemanda í flestum eða öllum tímum (Mynd 4). Nemendur svöruðu fjórum spurningum sem mynda skalann *stuðningur frá kennara (e. teacher support)*.




Mynd 4. Stuðningur frá kennurum í íslenskutímum. Hlutföll eru námunduð.

Enginn landshluti var marktækt frábrugðinn landsmeðaltalinu og enginn kynjamunur er á stikum nemenda á skalanum. Nemendur sem hafa innflytjendabakgrunn voru hins vegar marktækt ólíklegri en aðrir nemendur til að upplifa stuðning í íslenskukennslu. Svör þessa hóps við þeim spurningum þar sem mest ber á milli sýna að um þriðjungur þeirra upplifir íslenskukennsluna þannig að það gerist aldrei eða næstum aldrei (10%) eða í sumum tímum (22%) að kennari útskýri þar til nemendur skilja. Þá upplifa 7% þeirra að kennarinn sýni aldrei eða næstum aldrei áhuga á námi sérhvers nemenda en 21% þykir þetta eiga við um suma tíma.

¹ Hér er átt við kennslutíma í því tungumáli sem kennsla fer almennt fram á.


Stuðningur frá kennurum í móðurmálstímum er hærrí á Íslandi en að meðaltali í löndum OECD og meðal Norðurlanda er hann hæstur á Íslandi og í Finnlandi en lægstur í Noregi (Mynd 5).



Mynd 5. Stig nemenda á Norðurlöndunum á skalanum *stuðningur frá kennurum*, miðað við meðaltal í löndum OECD. Meðaltal OECD er sett 0 og staðalfrávik 1. Skekkjumörk sýna staðalskekkju.

Aðlögun kennslu að nemendum

Meirihluti íslenskra nemenda segir íslenskukennara veita einstaklingsaðstoð þegar þörf krefur (67%) og aðlagi kennslustunduna að þörfum og þekkingu nemenda (57%) í mörgum tímum eða hverjum tíma (Mynd 6). Nemendur svöruðu þremur spurningum um aðlögun kennslu (*e. adaptive instruction*). Ein spurninganna er undanskilin í útreikningum hér því orðalag hennar á íslensku gæti hafa vafist fyrir nemendum og hún sýndi minni fylgni við skalann í heild.




Mynd 6. Svör íslenskra nemenda um aðlögun kennslu að nemendum. Hlutföll eru námunduð.

Líkt og í svörum við spurningum um stuðning kennara skoruðu íslenskir nemendur sem hafa innflytjendabakgrunn marktækt lægra á skalanum og voru þannig ólíklegri en aðrir nemendur til að svara að kennarar aðlagi kennslu að þörfum nemenda. Svör þessara nemenda við einstökum spurningum gefa til kynna að helmingur þeirra upplifir íslenskukennsluna þannig að kennari aðlagi kennsluna aldrei (18%) eða í sumum tímum (33%) að þörfum nemenda og tæplega helmingur að kennari veiti aldrei (12%) eða í sumum tímum (32%) einstaklingsaðstoð þegar nemandi skilur ekki.

Enginn munur reyndist vera á svörum stúlkna og drengja um aðlögun íslenskukennslu að nemendum.

Reykjavík var eini landshlutinn sem vék marktækt frá landsmeðaltali á skalanum en þar eru nemendur líklegri en annarsstaðar til að segja kennara aðlaga kennslu að nemendum (Mynd 7).


Aðlögun íslenskukennslu að nemendum, eftir landshlutum



Mynd 7. Stig íslenskra nemenda á skalanum um aðlögun kennslu, eftir landshlutum og miðað við landsmeðaltal. Meðaltal er sett 0 og staðfrávik 1. Stjarna táknar marktækan mun á viðkomandi landshluta og landsmeðaltali (þar sem viðkomandi landshluti er undanskilinn). Skekkjumörk sýna staðalskekkju.

Mynd 8 sýnir að aðlögun kennslu að nemendum í móðurmálstímum er fyrir ofan meðaltal OECD í öllum Norðurlöndum en er mest í Danmörku og Svíþjóð.


Aðlögun kennslu í móðurmálstímum að nemendum á Norðurlöndunum



Mynd 8. Stig nemenda á Norðurlöndunum á skalanum um aðlögun kennslu, miðað við meðaltal í löndum OECD. Meðaltal OECD er sett 0 og staðalfrávik 1. Skekkjumörk sýna staðalskekkju

Endurgjöf


Meirihluti íslenskra nemenda í PISA 2018 segir íslenskukennara veita þeim endurgjöf í sumum, mörgum, eða öllum kennslutímum (Mynd 8). Nokkuð hátt hlutfall nemenda, eða 37%, segir þó kennara aldrei eða næstum aldrei segja sér hvar styrkleikar sínir í íslensku liggja. Nemendur svöruðu þremur spurningum sem saman mynda skalann *endurgjöf* (e. *perceived feedback*).



Mynd 8. Endurgjöf frá kennurum í íslenskutímum. Hlutföll eru námunduð.

Íslenskar stúlkur voru marktækt líklegri en drengir til að segja að kennarar gefi þeim endurgjöf. Enginn munur reyndist vera á svörum nemenda sem hafa innflytjendabakgrunn og nemenda sem ekki hafa erlendan bakgrunn.


Almennt var heildarstig úr skalanum um endurgjöf svipað á landsvísu og í einstökum landshlutum og munur í flestum tilvikum ekki marktækur. Þó voru sem nemendur sem búa á Austurlandi marktækt yfir landsmeðaltalinu í endurgjöf en nemendur á Vestfjörðum og nemendur í nágrenni Reykjavíkur undir því (Mynd 10).



Mynd 10. Skor íslenskra nemenda á skalanum *endurgjöf*, eftir landshlutum og miðað við landsmeðaltal. Meðaltal er sett 0 og staðalfrávik 1. Stjarna táknar marktækan mun á viðkomandi landshluta og landsmeðaltali (þar sem viðkomandi landshluti er undanskilinn). Skekkjumörk sýna staðalskekkju.

Endurgjöf í móðurmálskennslu er minni á Íslandi en að meðaltali í löndum OECD (Mynd 11). Finnland er einnig undir meðaltali OECD en Danmörk og Noregur eru yfir því.

Endurgjöf frá kennurum í móðurmálstímum á Norðurlöndunum




Mynd 11. Stig nemenda á skalanum *endurgjöf* á Norðurlöndunum, miðað við meðaltal í löndum OECD. Meðaltal OECD er sett 0 og staðalfrávik 1. Skekkjumörk sýna staðalskekkju

Áhugi kennara á íslenskukennslu

Mikill meirihluti íslenskra nemenda í PISA 2018 segir íslenskukennara vera áhugasama um kennslu og að þeir njóti þess að kenna, eða um 75-80% (Mynd 12). Færri nemendur segja þó að áhugi kennarans hafi verið þeim innblástur. Nemendur voru beðnir um að hugsa um síðustu tvo íslenskutímanna sína og spurðir fjögurra spurninga um kennarana sem mynda skalann *áhugi kennara* (e. *perceived teachers' interest*).

Áhugi íslenskukennara á kennslu




Mynd 12. Áhugi íslenskukennara á kennslu, að mati nemenda. Hlutföll eru námunduð.

Á Íslandi voru stúlkur lítillega – en marktækt – líklegri en drengir til að segja íslenskukennara vera áhugasama um kennsluna. Nemendur sem hafa innflytjendabakgrunn voru ólíklegri en aðrir nemendur til að segja íslenskukennara vera áhugasama.


Nemendur í Reykjavík voru líklegri en aðrir nemendur á Íslandi til að segja kennara sína vera áhugasama um kennsluna. Nemendur á Norðurlandi eystra og á Vestfjörðum voru hins vegar ólíklegri en aðrir til að segja kennara sína vera áhugasama (Mynd 13). Ekki munar þó miklu á svörum og þannig voru í kringum 70% nemenda í þessum síðastnefndu landshlutum einnig sammála eða mjög sammála fullyrðingunum (að undanskilinni spurningunni um innblástur sem töluvert færri nemendur voru sammála í öllum landshlutum).

Áhugi íslenskukennara á kennslu, eftir landshlutum



Mynd 13. Stig íslenskra nemenda á skalanum um *áhuga á kennslu*, eftir landshlutum og miðað við landsmeðaltal. Meðaltal er sett 0 og staðfrávik 1. Stjarna táknar marktækan mun á viðkomandi landshluta og landsmeðaltali (þar sem viðkomandi landshluti er undanskilinn). Skekkjumörk sýna staðalskekkju.

Áhugi kennara á kennslu í móðurmálstímum á Norðurlöndunum



Mynd 14. Stig nemenda á Norðurlöndunum á skalanum um *áhuga á kennslu*, miðað við meðaltal í löndum OECD. Meðaltal OECD er sett 0 og staðfrávik 1. Skekkjumörk sýna staðalskekkju.


Ef svör nemenda um áhuga kennara eru borin saman við önnur þátttökulönd má sjá að upplifun nemenda á áhuga kennara mælist svipuð á Íslandi og að meðaltali í OECD (Mynd 14). Samkvæmt svörum nemenda eru kennarar í Danmörku áhugasamastir kennara á Norðurlöndunum en finnskir kennarar síður áhugasamir.

Í PISA 2018 voru nemendur einnig spurðir um ánægju þeirra af lestri (sjá Menntamálastofnun, 2019). Skalinn um áhuga kennara á kennslu sýnir jákvæða fylgni við skalann um ánægju af lestri fyrir íslenska nemendur ($r(3082) = 0,20, p < 0,01$). Fylgnin er tiltölulega lág en hún er hærri en fylgni við flesta aðra skala sem tengjast kennsluaðferðum eða upplifun íslenskra nemenda af kennslustundum í PISA 2018.

Með öðrum orðum hefur áhugi kennara á íslenskukennslu eins og hann er mældur hér sterkari tengsl við ánægju nemenda af lestri en aðrir spurningalistar um íslenskukennslu í PISA 2018.


Kennarastýring í námi

Meirihluti íslenskra nemenda segir íslenskukennara setja skýr markmið, segja sér hvað þeir þurfi að læra og spyrji þá spurninga til að staðfesta skilning á efninu í flestum eða öllum kennslutímum (Mynd 15). Miðað við svör nemenda er hins vegar ekki algengt að íslenskukennarar taki saman efni síðasta tíma til upprifjunar. Nemendur svöruðu fjórum spurningum um síðustu tvo íslenskutímna sína sem mynda skalann *kennarastýring í námi* (e. *teacher-directed instruction*).




Mynd 15. Kennarastýring í kennslu íslensku, að mati nemenda. Hlutföll eru námunduð.

Almennt var upplifun nemenda af kennarastýringu í kennslutímum svipuð milli landshluta (Mynd 16). Einn landshluti – Vestfirðir – var fyrir ofan landsmeðaltal sem gefur til kynna að þar séu kennarar líklegri en íslenskir kennarar að jafnaði til að stýra kennslu með þeim aðferðum sem spurt var um.



Mynd 13. Svör íslenskra nemenda um kennarastýringu í íslenskutímum, eftir landshlutum og miðað við landsmeðaltal. Meðaltal er sett 0 og staðfrávik 1. Stjarna táknar marktækan mun á viðkomandi landshluta og landsmeðaltali (þar sem viðkomandi landshluti er undanskilinn). Skekkjumörk sýna staðalskekkju.

Samkvæmt svörum nemenda er kennarastýring í kennslu móðurmáls nokkuð svipuð og að meðaltali í löndum OECD en er meiri á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum (Mynd 17).




Mynd 17. Stig nemenda á Norðurlöndunum á skalanum um kennarastýringu í móðurmálstímum, miðað við meðaltal í löndum OECD. Meðaltal OECD er sett 0 og staðalfrávik 1. Skekkjumörk sýna staðalskekkju.

Spurningin sem skar sig úr í svörum nemenda á Íslandi um kennarastýringu var um hvort kennarar taki saman efni síðasta tíma en minna en helmingur nemenda (39%) sagði að þetta væri gert í flestum eða öllum tímum (Mynd 15.). Ef svörin eru borin saman við svör nemenda á Norðurlöndunum kemur í ljós að um nokkuð svipuð hlutföll er að ræða þar (41% í Danmörku, 44% í Finnlandi, 34% í Noregi og 36% í Svíþjóð) og þetta virðist því ekki vera sérstaklega algeng kennsluaðferð í þessum löndum.

Glæðing áhuga á lestri

Um það bil helmingur íslenskra nemenda segir það koma fyrir í flestum eða öllum íslenskutímum að kennarinn hvetji þá til að láta í ljós skoðanir sínar á texta, beri fram spurningar sem hvetji nemendur til að taka virkan þátt og sýni nemendum hvernig upplýsingar sem þeir lesa byggja á þekkingu sem þeir búa þegar yfir. Sjaldgæfara virðist vera að kennarinn hjálpi nemendum að setja sögur í samhengi við þeirra eigið líf en 29% nemenda segja þetta gerast aldrei eða næstum aldrei í kennslustundum (Mynd 18). Nemendur voru spurðir fjögurra spurninga sem mynda skalann *glæðing áhuga á lestri* (e. *teachers' stimulation of reading engagement*).




Mynd 18. Svör íslenskra nemenda um glæðingu áhuga nemenda á lestri í íslenskutímum. Hlutföll eru námunduð.

Ekki var kynjamunur á svörum nemenda á skalanum og nemendur sem hafa innflytjendabakgrunn svöruðu með svipuðu móti og aðrir nemendur.

Mynd 19 sýnir stig landshluta á Íslandi á skalanum. Nemendur á Austurlandi og í Reykjavík voru líklegri til að svara að íslenskukennarinn reyni að kveikja áhuga nemenda á lestri en nemendur á landsvísu. Nemendur í nágrenni Reykjavíkur og á Vestfjörðum voru hins vegar undir landsmeðaltalinu.


Glæðing áhuga nemenda á lestri í íslenskutímum, eftir landshlutum



Mynd 19. Stig íslenskra nemenda á skalanum um glæðingu áhuga nemenda á lestri í íslenskutímum, eftir landshlutum og miðað við landsmeðaltal. Meðaltal er sett 0 og staðfrávik 1. Stjarna táknar marktækan mun á viðkomandi landshluta og landsmeðaltali (þar sem viðkomandi landshluti er undanskilinn). Skekkjumörk sýna staðalskekkju.

Samkvæmt svörum nemenda eru kennarar í Íslandi, Finnlandi og Noregi ólíklegri en kennarar að jafnaði í löndum OECD til að glæða áhuga nemenda á lestri með aðferðunum sem spurt er um í spurningalistanum (Mynd 20). Svíþjóð er nær meðaltali OECD en í Danmörku eru þessar aðferðir algengari.

Glæðing áhuga nemenda á lestri í móðurmálistímum á Norðurlöndunum



Mynd 20. Stig nemenda á Norðurlöndunum á skalanum um glæðingu áhuga nemenda á lestri í móðurmálistímum, miðað við meðaltal í löndum OECD. Meðaltal OECD er sett 0 og staðalfrávik 1. Skekkjumörk sýna staðalskekkju.

Þessar tölur haldast að miklu leyti í hendur við svör nemenda á Norðurlöndunum um ánægju þeirra af lestri en nemendur á öllum Norðurlöndum eru þar undir meðaltali OECD (OECD, 2019; Menntamálastofnun, 2019). Á Íslandi er lág jákvæð fylgni á milli skalans sem mælir glæðingu áhuga nemenda á lestri og skalans sem mælir ánægju þeirra af lestri ($r(3058) = 0,13, p < 0,01$) og það sama á við um meðaltal þessara skala í löndum OECD (OECD, 2019). Þess má geta að á Íslandi er fylgni milli ánægju nemenda af lestri og árangurs þeirra í lesskilningshluta PISA og er hún tiltölulega há miðað við önnur þáttökulönd PISA ($r = 0,35$).

Heimildir

Menntamálastofnun (2019). Helstu niðurstöður PISA 2018 á Íslandi. Sótt af https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2018_helstu_island.pdf

OECD (2019). PISA 2018 Results. What School Life Means for Students' Lives. Sótt af <https://www.oecd-ilibrary.org/docserver/acd78851-en.pdf>

Viðauki

| Skali | Áreiðanleiki (Cronbach's alpha) | Dreifing innan skóla (hlutfall) | Dreifing á milli skóla (hlutfall) | Fylgni við lesskilning (Pearson's <i>r</i>) | Breyting í PISA stigum f. hverja einingu | Breyting í PISA stigum f. hverja einingu (með ESCS) |
|------------------------|------------------------------------|---------------------------------------|---|--|---|--|
| Agi & námsaðstæður | 0,88 | 0,91 | 0,09 | 0,14 | 14,43 | 12,30 |
| Stuðningur kennara | 0,92 | 0,93 | 0,07 | 0,14 | 14,11 | 12,6 |
| Kennarastýring | 0,80 | 0,94 | 0,06 | 0,03 | -2,65 | -4,13 |
| Endurgjöf | 0,92 | 0,93 | 0,07 | 0,08 | -7,52 | -7,73 |
| Glæðing áhuga | 0,90 | 0,94 | 0,06 | 0,04 | 3,32 | 1,96 |
| Aðlögun (2 spurningar) | 0,81 | 0,95 | 0,05 | 0,24 | 28,74 | 26,63 |
| Áhugi kennara | 0,91 | 0,9 | 0,1 | 0,14 | 14,42 | 12,11 |

Tafla 1. Upplýsingar um áreiðanleika skala um kennsluáferðir fyrir íslenska nemendur, fylgni við frammistöðu þeirra í lesskilningi og breytingu í PISA stigum fyrir lesskilning sem fylgir einingarbreytingu á skólum, bæði með og án þess að stjórna fyrir mælikvarða OECD á þjófélagsstöðu (ESCS). Dálkar um dreifingu innan og á milli skóla gefa til kynna hversu hátt hlutfall dreifingar stiga á viðkomandi skala skýrist af mun á milli skóla á Íslandi og hversu hátt hlutfall skýrist af mun á milli nemenda innan skóla.